

# Lög

## um breytingu á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga (sveitarfélög og kórónuveirufaraldur).

---

### I. KAFLI

#### Breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 131. gr. laganna:

- a. Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, að sveitarstjórn sé heimilt að víkja frá skilyrðum 14.–18. gr., 5. mgr. 35. gr., 1. og 2. mgr. 40. gr., 1. og 2. mgr. 42. gr., samþykktum um stjórn sveitarfélags og/eða lögákveðnum frestum sem getið er um í lögum þessum, til að tryggja starfhæfi hennar og til að auðvelda ákváðanatöku vegna neyðarástands.
- b. Í stað tilvísunarinnar „1. mgr.“ í 2. mgr. kemur: 1. og 2. mgr.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Neyðarástand í sveitarfélagi*.

2. gr.

Í stað ártalsins „2022“ í ákvæði til bráðabirgða VII í lögunum kemur: 2025.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

3. gr.

Við löginn bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (XXII.)

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. fylgir fasteignaskatti skv. c-lið 3. mgr. 3. gr., vegna áranna 2020–2022, lögveð í fasteign þeirri sem hann er lagður á, ásamt dráttarvöxtum í fjölgunum ár frá gjalddaga, sem skal ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla.

b. (XXIII.)

Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. er sveitarfélögum heimilt að lækka eða fella niður dráttarvexti á kröfur vegna fasteignaskatta sem lagðir eru á skv. c-lið 3. mgr. 3. gr., á árunum 2020–2022, hjá gjaldendum sem eiga við verulega rekstrarörðugleika að stríða vegna kórónuveiru-

faraldursins eða gjaldendum sem leigja húsnaði til rekstraraðila sem sömu skilyrði eiga við um, á grundvelli reglna sem sveitarfélög setja sér.

### III. KAFLI

#### Breyting á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga, nr. 150/2006.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. skal Lánaþjóði sveitarfélaga heimilt að veita lán til að mæta rekstrarhalla sveitarfélaga, auk rekstrarhalla stofnana og fyrirtækja þeirra sem sinna lög-mæltum verkefnum og ekki eru í samkeppnisrekstri, á reikningsárunum 2020–2022.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 26. mars 2021.*